


VLR-001	Verklagsreglur um Stúdentaráð Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Verklagsreglurnar eru settar í samræmi við 7. grein samþykkt Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Verklagsreglurnar gilda um stúdentaráð, sem og um hlutverk, ábyrgð og samráð þeirra aðila sem sitja í stúdentaráði og stúdentaráð hefur samskipti við. Stúdentaráð fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli skiptafunda og starfar samkvæmt II. kafla samþykkt Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Stúdentaráð markar heildarstefnu félagsins, mótar skipulag og fer með eftirlit í málefnum félagsins.

2. gr.


Stjórnskipulag stúdentaráðs

Í stúdentaráði sitja 16 einstaklingar: Framkvæmdastjórn, fulltrúar aðildarféлага, gæðafulltrúi, jafnréttisfulltrúi og umhverfisfulltrúi. Forseti félagsins er jafnframt forseti stúdentaráðs, hann boðar til funda í ráðinu og stýrir þeim. Til að fundur stúdentaráðs teljist ályktunarbær þarf meirihluti atkvæðisbærra fulltrúa að vera viðstaddur. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála.

3. gr.

Fundir stúdentaráðs, boðun þeirra og fundargerðir

Stúdentaráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Þó er heimilt að boða til funda þess á milli, gerist þess þörf. Boða skal til fundar skv. 8.gr. samþykkt Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Mál skulu að jafnaði ekki borin upp til atkvæðagreiðslu á fundum stúdentaráðs nema fulltrúar í ráðinu hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir fundinn. Heimilt er að víkja frá þessu telji ráðið að verulegir hagsmunir séu í húfi sem ekki þola bið og að nægar upplýsingar hafi verið lagðar fram á fundinum. Forfallist

VLR-001	Verklagsreglur um Stúdentaráð Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

fulltrúi stúdentaráðs skal hann sjálfur boða skipaðan varafulltrúa í sinn stað. Í fjarveru fulltrúa á fundum stúdentaráðs hefur varafulltrúi hans sömu réttindi og ber sömu skyldur og fjarverandi fulltrúi. Framkvæmdastjórn annast undirbúning og frágang mála fyrir stúdentaráð.

Ritari stúdentaráðs ritar fundargerð þar sem ákvarðanir stúdentaráðs eru skráðar sem og helstu atriði er koma fram á fundum þess. Ritari skal birta fundargerðir á lokuðu Teams-svæði stúdentaráðs innan viku frá fundi og bera þær upp til samþykktar. Samþykktar fundargerðir ráðsins eru birtar á vefsíðu félagsins.

4. gr.


Aðgangur að gögnum og upplýsingum

Stúdentaráð skal hafa aðgang að gögnum sem varða félagið og nauðsynleg eru til þess að ráðið geti sinnt hlutverki sínu og eftirlitsskyldu sinni. Öll gögn skulu vistuð á lokuðu Teams-svæði stúdentaráðs. Upplýsingagjöf til stúdentaráðsfulltrúa fer í gegnum framkvæmdastjórn. Verkefnastjóri námssamfélags skal vera stúdentaráði innan handar er varðar upplýsingar um hlutverk og skyldur ráðsins.

5. gr.

Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Við störf sín skal stúdentaráð gæta að hæfi við málsmeðferð. Fulltrúi í stúdentaráði telst vanhæfur hafi hann slíkt tengsl við mál eða aðila máls, sem er til meðferðar, að þau geti verið til þess fallin að hafa áhrif á meðferð og niðurstöðu þess. Er það á ábyrgð stúdentaráðsfulltrúa að tilkynna, telji þeir sig vanhæfa til að fjalla um einstök mál á dagskrá og skulu gera það í upphafi fundar. Sé meirihluti stúdentaráðs vanhæfur skulu málsaðilar sammælast um skipun úrskurðarnefndar sem leiðir málið til hlítar.

VLR-001	Verklagsreglur um Stúdentaráð Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

7. gr.

Helstu verkefni stúdentaráðs

Stúdentaráði er ásamt framkvæmdastjórn falin stjórn félagsins. Stúdentaráð markar að frumkvæði framkvæmdastjórnar heildarstefnu í málefnum félagsins, mótar skipulag og fer með almennt eftirlit með starfsemi í heild, fastanefnda, fulltrúa í nefndum og ráðum HA og ber ábyrgð á því að félagið starfi í samræmi við lög og reglur.

Stúdentaráð setur reglur um starfsemi félagsins á grundvelli samþykktar og fer með úrskurðarvald í málefnum þess.


Framkvæmdastjórn leggur fram til afgreiðslu starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs. Ef ástæða þykir til, gerir stúdentaráð breytingar á starfsáætlun eftir því sem við á. Ráðið vinnur samkvæmt samþykktri starfsáætlun. Starfsáætlun skal vistuð á skjalasvæði félagsins.

Stúdentaráð hefur eftirlit með fjárreiðum félagsins, í samræmi við verklagsreglur VLR-011 um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

Stúdentaráð skal tryggja að skipaðir séu fulltrúar stúdenta skv. samþykktum félagsins og reglum Háskólans á Akureyri, ef ekki næst að manna stöður fyrir skiptafund.

Á vegum stúdentaráðs starfa nú eftirtaldar fastanefndir: Alþjóðanefnd, Kynninganefnd og Viðburðanefnd. Fastanefndir vinna samkvæmt samþykktum verklagsreglum VLR-006 um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og hafa ákvörðunarvald innan ramma starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykktar hafa verið af stúdentaráði.

Ákveði forseti að setja mál, sem ekki hafa verið tekin fyrir á fundi stúdentaráðs, í rafræna atkvæðagreiðslu utan fundar þá skal málið auglýst á sameiginlegum samskiptavettvangi ráðsins

VLR-001	<p style="text-align: center;">Verklagsreglur um Stúdentaráð Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</p>	
Útg. 06		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 4		

og fulltrúum þess gefinn sólarhringur, hið minnsta, til þess að kynna sér gögn og hliðar málsins og mynda sér afstöðu til þess. Rafræn atkvæðagreiðsla telst gild hafi meirihluti fulltrúa greitt atkvæði að sólarhring liðnum. Öllu félagsfólki SHA er velkomið að beina erindum er varða háskólann, námið eða starf SHA og aðildarfélaga þess til stúdentaráðs sem skal taka erindið til umfjöllunar og hefur heimild til úrskurða í málinu ef við á.

8. gr.

Þóknun

Stúdentaráð hefur heimild til að greiða þóknun fyrir störf í þágu félagsins. Fulltrúar í stúdentaráði, að undanskilinni framkvæmdastjórn fá greidda þóknun fyrir fundarsetu [4.000 kr. starfsárið 2026-2027] fyrir hvern stúdentaráðsfund sem þeir sækja, utan skiptafundar.

Rétt til þóknunar hafa þeir fulltrúar sem setið hafa að lágmarki 90% fundar. Þó má aðili óska eftir undanþágu frá framkvæmdastjórn ef um sérstakar aðstæður er að ræða og skal þóknun greidd að hluta. Hafi varafulltrúi verið boðaður á fund skal þóknun þess fundar falla í hlut hans. Gerð er krafa um að allir fulltrúar á stúdentaráðsfundi kynni sér fundardagskrá og fundargögn fyrir fund og taki virkan þátt á fundinum.

9. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.